



# Erindisbréf starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar

## 1. gr.

### Stjórnskipuleg staða

Starfshópur um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar heyrir beint undir skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd.

Sviðsstjóri á skóla- og tómstundasviði er starfsmaður skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar, en auk þess starfar með nefndinni skóla- og sérkennslufulltrúi skóla- og tómstundasviðs.

Auk kjörinna fulltrúa og áheyrnafulltrúa í skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd, eiga bæjarstjóri og sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 2. gr.

### Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa í nefndina, tvo fulltrúa úr fræðslunefnd og/eða bæjarfulltrúa, en auk þess eru skipaðir í nefndina tveir fulltrúar foreldra, leikskólakennari, skólastjórnandi og fulltrúi ófaglærðra starfsmanna. Ekki eru skipaðir varamenn.

Nefndin starfar skv. 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 47. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs formann og varamann starfshópsins.

## 3. gr.

### Hlutverk og verkefni

Meginhlutverk starfshópsins er að skoða skipulag og starfsumhverfi leikskóla og gera með tillögur til skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar að úrbótum:

Meginverkefni starfshópsins er:

- Greina núverandi stöðu leikskólastarfs m.t.t. gæða faglegs starfs, starfsánægju og stöðugleika í starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks.
- Skoða nýtingu leikskólalássa og meta mögulegar leiðir til breytinga á núverandi skipulagi leikskólastarfs.
- Greina íbúafjölda með tilliti til fjölgunar barna frá 12 mánaða í Ísafjarðarbæ næstu fimm árin með tilliti til núverandi innviða.

- Útfæra og sammælast um tillögur sem lagðar verða fyrir skóla-, íþróttá-, og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar.

Starfsmenn skóla- og tómstundasviðs starfa með hópnum, taka saman gögn og upplýsingar sem óskað er eftir, og bera ábyrgð á samantekt og útgáfu skýrslu starfshópsins um niðurstöður, tillögur og rökstuðning þeirra.

Ekki er greitt fyrir störf samráðshópsins.

#### **4. gr.**

##### **Starfshættir**

Um starfshætti starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar, fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Starfshópurinn kemur saman fyrir luktum dyrum, reglulega. Aukafundi skal halda ef a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs er ritari starfshópsins, en starfshópurinn getur auk þess ráðið sér fundarritara í hans forföllum. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. ákvæði í 16. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Starfsmaður starfshópsins sér um undirbúning og boðun funda í samráði við formann starfshópsins. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum starfshópsins og sér um að allt fari löglega fram á fundum þess. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti starfshópsins er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

#### **5. gr.**

##### **Afgreiðsla mála og eftirfylgni**

Starfshópurinn gerir tillögur til skóla-, íþróttá- og tómstundanefndar í niðurstöðuskýrslu.

Fulltrúar í starfshópnum skulu snúa sér til skóla-, íþróttá- og tómstundanefndar með eftirfylgni hugmynda hópsins, auk þess sem nefndin ber ábyrgð á að fylgja málum og/eða tillögum eftir til bæjarstjórnar.

#### **6. gr**

##### **Réttindi og skyldur**

Um réttindi og skyldur fulltrúa í starfshópnum gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu fulltrúi staddir í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagiörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá starfshópsins, enda skilar hann efni þess til starfsmann starfshópsins fyrir fundarboðun.

Fulltrúar í starfshópnum skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í hópnum, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum starfshópnum.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir starfshópin og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

#### **7. gr.**

#### **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal starfshópurinn taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal starfshópurinn fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og svo og ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

#### **8. gr.**

#### **Starfstími**

Samstarfshópurinn skal ljúka störfum fyrir lok maí 2024, en fyrr ef því verður komið við, svo hægt verði að vinna úr hugmyndum hópsins eins fljótt og auðið er.

#### **9. gr.**

#### **Gildistaka**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 7. desember 2023 með vísan til 47. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og tekur þegar gildi. Gildir erindisbréf þetta þar til annað kann að vera ákveðið.

Ísafirði, 7. desember 2023

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri